



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

# Reynslan af nýjum upplýsingalögum og skjalamál ríkisins

**Fundur FFR**

**14. janúar 2014**

Eiríkur G. Guðmundsson

# Breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn 2012 - i

- útvíkkun á skilgreiningu á afhendingarskyldum aðilum:
  - fyrirtæki 51-100% í eigu opinberra aðila
  - einkafyrirtæki sem fara með opinber verkefni
- skýrari ákvæði um setningu reglna um skjalavörslu og skjalastjórn:
  - um rafræn gögn
  - skráningu mála



# Breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn 2012 - ii

- skýrari ákvæði um aðgengi að skjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnum:
  - ákvæði upplýsingalaga sett inn í lög um Þjóðskjalasafn
  - lög um Þjóðskjalasafn gilda fyrir skjöl sem eru eldri en 30 ára og upplýsingalög um skjöl sem eru yngri en 30 ára
  - aðgangsfrestir 50, 80 og 100 ára eru í lögum ÞÍ en ekki lengur í upplýsingalögum



# Reynslan af upplýsingalögum -i

- Almennt góð
- Ýtarlegri og skýrari
- Afgreiðslu beiðna um aðgang að gögnum með aðgangstakmarkanir hefur ekki beyst mikið
- Mestu munar að ákvæði eru komin inn í lög um Þjóðskjalasafn
- Skýr skil við 30 ára aldur skjala



# Reynslan af upplýsingalögum -ii

- Með tilkomu nýju upplýsingalaganna kom inn 9. gr. a í lög um Þjóðskjalasafn
  - um aðgang að skjölum frá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum. Þetta er mikil bót því til skamms tíma var ekki kveðið skýrt á um þetta.



# Reynslan af upplýsingalögum -iii

- 3.mgr. 2. greinar upplýsingalaga nr. 140/2012.
  - „Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.“



# Reynslan af upplýsingalögum -iiii

- Í 5.gr. laga um Þjóðskjalasafns Íslands nr. 66/1985 segir:
  - „Skilaskyldan nær ekki til þeirra lögaðila sem undanþegnir eru gildissviði upplýsingalaga, sbr. 3. mgr. 2. gr. þeirra laga.“



# Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn

- 23. gr. *Upplýsingar um atvinnu-, framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmál.:*
  - „Óheimilt er að veita aðgang að skjölum sem hafa að geyma upplýsingar sem snerta virka og mikilvæga hagsmuni einstaklings eða fyrirtækis um atvinnu-, framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmál.“





# Könnun á skjalavörslu ríkisins 2012

- Send til 207 stofnana og fyrirtækja
  - 173 aðiliar svöruðu (84%)
- Skýrsla gefin út í maí 2013 og send öllum stofnunum ríkisins
- Hliðstæð könnun 2004



# Helstu niðurstöður 2012 - i

- Skjalavörslu er ábótavant í mörgum stofnunum ríkisins t.d.:
  - 32% eyða skjölum án heimildar.
  - 39% skrá ekki upplýsingar um mál sem berast.
  - 42% hafa ekki góða skipan á rafrænum gögnum.
  - 40% nota ekki málalykil.
  - 58% hafa ekki starfsmann í skjalavörslu.
  - 70% hafa ekki tilkynnt skjalavörslukerfi sín.



# Helstu niðurstöður 2012 - ii

- Meira en 1000 gagnakerfi eru hjá ríkisstofnunum. Innan við 10% hafa verið tilkynnt til Þjóðskjalasafns.
- Slíkt er nauðsynlegt til þess að hægt sé að meta hvort varðveita eigi gögnin til frambúðar.
- Rafræn gögn verður að varðveita rafrænt en ekki útprentuð




# Helstu niðurstöður 2012 - iii

- 43% nota reglur/ handbækur í skjalastjórn.
- 60% höfðu ekki stuðst við reglur Þ.Í. um skjalavörslu.
- 65% nota ófullnægjandi pappír.
- 86% eru með ósamþykktar skjalageymslur.



# Ósamþykktar skjalageymslur - i



Opinber skjöl sem geymd í lekum kjallara. Tvö vörubretti skjala voru mikið skemmd við afhendingu 2011

# Úrbætur – ríkisstofnanir - i

- Veita þarf fé til ríkisstofnana til fjárfestingar í rafrænum skjalastjórnarkerfum.
- Gera þarf ríkisstofnunum og öðrum afhendingarskyldum aðilum kleift að kaupa tæknivinnu til þess að gera rafræn kerfi sín hæf til að skila kerfisóháðum vörsluútgáfum af gögnum til Þjóðskjalasafns Íslands.
- Sérstakt átaksverkefni gæti gert forstöðumönnum mögulegt að forgangsraða þessum málum um hríð meðan verið er að koma rafrænum skilum á legg.
- Ríkisstofnanir hugi að því að skjalageymslur uppfylli kröfur sem til þeirra eru gerðar.



# Úrbætur – ríkisstofnanir - ii

- Að allar stofnanir ríkisins hafi sérstakan starfsmann til að vinna við skjalastjórn.
- Úrbætur í skjalamálum ríkisins krefjast nýrrar forgangsröðunar og aukins fjár.
- Markmið nýrra upplýsingalaga um meiri birtingu opinberra upplýsinga (t.d. málaskrár) styðja tillögur ÞÍ til úrbóta
- Lausung í skjalamálum kann að leiða til þess að upplýsingar tapast
  - Upplýsingaréttur almennings ekki virkur
  - Réttindi einstaklinga og hins opinbera fyrir borð borin
  - Þættir í sögu þjóðarinnar tapast



# Sameiginlegt átak hagsmunaaðila -ii

- Hópurinn vinni að ákveðnum skilgreindum markmiðum sem skuli nást á 5 árum:
  - Allar ríkisstofnanir taki í notkun skjalastjórnarkerfi. (Átak með stofnanahópa framhaldsskóla t.d.)
  - Allir hafi samþykktan málalykil
  - Allir tilkynni rafræn kerfi sín
  - Vinni að samræmingu vörsluútgáfa
  - Sérstakan starfsmann til að sinna skjalastjórn
  - Vinni að forgangsröðun og auknum fjárveitingum til málaflokksins.
  - o.fl.





# Sameiginlegt átak hagsmunaaðila -i

- Tímabundið átak í eflingu rafrænnar stjórnarsýslu og skjalamyndunar, innleiðingu gagnakerfa og samræmingar í notkun þeirra, tilkynningum og afhendingum til Þjóðskjalasafns.
- Mennta- og menningarmálaráðherra skipi starfshóp um ofangreint. Aðilar:
  - Mennta-og menningarmálaráðuneyti
  - Forsætisráðuneyti
  - Innanríkisráðuneyti
  - Félag forstöðumanna
  - Rekstrarfélag stjórnarráðsins
  - Þjóðskjalasafn



# Sameiginlegt átak hagsmunaaðila -ii

- Hópurinn vinni að ákveðnum skilgreindum markmiðum sem skuli nást á 5 árum:
  - Að allar ríkisstofnanir
    - taki í notkun skjalastjórnarkerfi
    - hafi samþykktan málalykil
    - hafi sérstakan starfsmann til að sinna skjalastjórn
    - tilkynni rafræn kerfi sín Þjóðskjalasafns
  - Samræma kröfur til hugbúnaðarframleiðenda
  - Reyni að skapa svigrúm til gerð vörsluútgáfa á rafrænum kerfum
  - Vinni að forgangsröðun og auknum fjárveitingum til málaflokksins.
  - o.fl.



# Helstu nýmæli frumvarps til laga um opinber skjalasöfn

- Skýrari aðgengisreglur
- Refsi- og bótaákvæði
  - við brot á aðgangsreglum (þagnarskylda, fræðimannsaðgangur)
  - við brot á vörslu skjala
    - (Ef sá sem ber ábyrgð á skjalavörslu brýtur gegn ákvæðum um afhendingarskyldu, vörslu eða eyðingu skjala, af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum.)
- Styrkir stöðu skjalasafnanna
  - Héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns
  - Skýrara og aukið hlutverk ÞÍ við reglusetningu
  - Gjaldtaka
    - fyrir geymslu skjala yngri en 30 ára
    - fyrir vörslu skjala sveitarfélaga í ÞÍ
- Afhendingarskyldan skýrari og víðtækari